



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

SA/

Rvk. 20.1.2003

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um vinnutíma sjómanna, 390. mál, EES-reglur, 128. löggjafarþing 2002-2003.

Í frumvarpinu er lagt til að gerðar verði nauðsynlegar breytingar á lagaákvæðum er varða vinnutíma sjómanna til samræmis við reglur tilskipana 2000/34/EB um vinnutíma skipverja á fiskiskipum, 1999/63/EB um vinnutíma sjómanna á kaupskipum og 1999/95/EB um vinnutíma sjómanna á erlendum farþega- og flutningaskipum. Þessar tilskipanir yrðu þar með innleiddar í íslenskan rétt.

Samtök atvinnulífsins telja mikilvægt að reglur frumvarpsins skapi ekki vandamál fyrir íslenskan sjávarútveg og kaupskipaútgerðir. Gengið er út frá því að svo verði ekki og að reglur gildandi kjarasamninga milli útgerðar og stéttarféлага rúmist innan ákvæða frumvarpsins hvort sem litið er til hámarksvinnutíma eða lágmarkshvildartíma. Ljóst er þó að nýta þarf frávíksheimild 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins við tilteknar veiðar með setningu reglugerðar sem allra fyrst. Núverandi framkvæmd þarf að rúmast innan þeirra reglna.

Gerð er athugasemd við orðalag í lok 2. tölul. 2. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 3. gr. Á báðum stöðum segir "... og ekki skal líða meira en 14 klukkustundir til næstu samfelldrar hvíldar." Er lagt til að orðið "samfelldrar" verði fellt niður. Er það í samræmi við texta tilskipananna þar sem segir "... the intervall between consecutive periods of rest shall not exceed 14 hours." Hætt er við að óbreytt orðalag geti valdið misskilningi.

Að öðru leyti gera Samtök atvinnulífsins ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Hrafnhildur Stefánsdóttir, yfirlögfræðingur